


MÁ BJÓÐA ÞÉR Í UMBREYTTANDI FERÐALAG?


360° FRAMHALDSNÁM Í MARKÞJÁLFUN

- TALSVERT UPPFÆRT OG MEIRA INNIFALIÐ Í NÁMINU -



Sjálfsþekking er undirstaða
allrar annarrar þekkingar.

– Sókrates



5 lykilþættir og 15 undirþættir tilfinningagreindar.


Í náminu taka allir nemendur EQi-2.0 greiningu sem eykur á sjálfsþekkingu
og eflir tilfinningagreind þeirra í hlutverki markþjálfans.

EFNISYFIRLIT



360° FRAMHALDSNÁMIÐ Í HNOTSKURN	4
PRAKTÍSKAR UPPLÝSINGAR UM NÁMIÐ	5
VERÐ OG HVAÐ ER INNIFALIÐ Í VERÐI NÁMSINS	6
FRAMVINDA NÁMSINS	6
INNTÖKUSKILYRÐI	6
STYRKHÆFT NÁM	6
SÉRSTAÐA NÁMSINS OG PAMF-HRINGRÁSIN	7
MYNDRÆN FRAMSETNING NÁMSEFNIS.....	7
UNDIRBÚNINGUR OG FYRSTA LOTA	8
HEIMAVINNA Á MILLI LOTU 1 OG 2	9
HINAR ÁTTA VÍDDIR NBI-NÁLGUNAR VIÐ 360° ÞJÁLFUN.....	9
ÖNNUR LOTA - NBI-MARKÞJÁLFUN	10
LOKAVERKEFNI Á MILLI LOTU 2 OG 3	11
ÞRIÐJA LOTA - KYNNINGAR Á LOKAVERKEFNUM OG PERS. STEFNUMÓTUN	12
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VOTTUNARSTIG ICF	13
EFTIRSPURN EFTIR VOTTUÐUM MARKÞJÁLFUM ER STÖÐUGT AÐ AUKAST	13
MARKÞJÁLFUN - STÓRA MYNDIN	14
KENNARATEYMI PROPECTUS	15
KENNSLUADSTAÐA Í SÉRFLOKKI	15

360° FRAMHALDSNÁM Í MARKÞJÁLFUN



Það er þekkt staðreynd að við lærum mest af mistökum okkar og þegar við göngum í gegnum erfiðleika og sársauka. Námið er engin undantekning - en þú hefur bæði frábæra kennara og samnemendur sem eru alltaf tilbúnir að styðja við þig á leiðinni.

FRAMHALDSNÁMIÐ Í ÖRFÁUM ORÐUM

Hlutverk markþjálfara er að hvetja fólk áfram og aðstoða það við að uppgötva innra með sér stefnufestu, skuldbindast ásetningi sínum og yfirstíga þannig þær áskoranir sem standa í vegi.

Það sama gildir um nemendur í hlutverki markþjálfara. Þeir læra í náminu að árangur er ekki spretthlaup, heldur langhlaup sem krefst staðfestu og skuldbindingar.

LEVEL -2 VOTTAÐ NÁM

360° Markþjálfun er Level-2 vottað framhaldsnám af ICF (International Coaching Federation) og er sérstaklega ætlað fyrir metnaðarfulla nemendur og þá sem vilja fara alla leið og undirbúa sig fyrir alþjóðlega viðurkennda vott- un sem markþjálfar. Margir nemendur hafa þó önnur markmið en ICF vottun að leiðarljósi og koma í námið til að t.d. verða betri leiðtogar eða sterkari einstaklingar.

ÁSKORANDI FERÐALAG

Námið er skemmtilegt og áskorandi ferðalag þar sem unnið er stöðugt að vexti og aukinni sjálfsþekkingu nemenda. Það er sérstaklega byggt upp og hannað fyrir þá sem vilja öðlast enn dýpri skilning á hugmyndafræði markþjálfunar, á sjálfum sér og vilja bæta verulega við færni sína í hlutverki markþjálfara.

Lögð er rík áhersla lögð á að nemendur læri að til-einka sér í verki hið hlutlausu og styðjandi viðhorf markþjálfans og einnig þá skilyrðislausu fagmennsku sem bæði einstaklingar og fyrirtæki kalla eftir í auknu mæli.

NÁM SEM FÆRIR ÞÉR TÆKIFÆRI

Framhaldsnámið hjá okkur er bæði hugsað fyrir þá sem skapa sér starfsvettvang sem markþjálfar innan eða utan fyrirtækja og einnig fyrir þá sem vilja læra að hanna og

UMBREYTANDI FERÐALAG



halda vinnustofur eða námskeið sem byggja á hinni mögnuðu hugmyndafræði 360°-markþjálfunar og bera efnistökin í náminu þess skýr merki.

EINSTAKLINGSFRAMTAK OG STYÐJANDI TEYMI

Allir nemendur eru í náminu á sínum forsendum og uppskera eins og þeir sá í náminu. Í náminu er nemendum skipt upp í smærri teymi sem vinna að hluta til saman á milli lotna. Það veitir nemendum margvísleg tækifæri og stuðning á meðan náminu stendur. Í teyminu finna nemendur einnig nauðsynlegt aðhald til að halda sér við efnið og efla þrautseigju sína jafnt og þétt með tímanum.

ÞEKkingu UMBREYTT Í Færni

Í grunnnámi í markþjálfun er athygli okkar að langmestu leyti á því að miðla þekkingu til nemenda og þær æfingar sem nemendur fara í gegnum eru til þess fallnar að þeir upplifi á eigin skinni áhrifamátt þeirrar þekkingar.

En þekkingin ein og sér kemur okkur ekki langt því nem- endur verða að læra að beita henni til að ná árangri.

Í framhaldsnáminu einbeitum við okkur að því að umbreyta þekkingu nemenda í raunverulega færni. Það er að nemandinn öðlist hæfni sem er áþreifanleg, framkvæmanleg og að hann geti beitt henni af öryggi.

Við bætum staðfastlega við þekkingargrunn nemenda í framhaldsnáminu – en megináherslan er samt sem áður á því að efla færni nemenda í hlutverki markþjálfans.

EINSTAKT LOKAVERKEFNI

Í lokaverkefninu - sem unnið er í teyimum - er fléttað saman öllum þeim lykilþáttum sem teknir eru fyrir í náminu til að undirbúa og sjá um framkvæmd á vinnustofu fyrir lítið fyrirtæki, deild innan fyrirtækis eða félagasamtök.

VIÐ VILJUM FARA FRAMMÚR VÆNTINGUM

Það eru vissulega takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að kenna á 100 klukkustundum en með reynslumiklum kennurum, áhugasömum nemendum, faglegri umgjörð og brennandi ástríðu er það okkar leiðarljós að fara fram úr væntingum nemenda.

Í framhaldsnáminu frá nemendur ótrúlega mikið af verkfærum, PowerPoint fyrirlestrum, verkefnum, greiningartólum og tækjum sem þeim er heimilt að nýta til verðmætasköpunar í sínu starfi og með viðskipta vinum sínum að námi loknu.





PRAKTÍSKAR UPPLÝSINGAR UM NÁMIÐ

VERÐ: 698.000,- með öllu inniföldu.

Ef staðgreitt er við skráningu er veittur 40.000,- afsláttur.

INNIFALIÐ Í VERÐI NÁMSINS

(Innifalin verðmæti eru 545.000,- fyrir utan kennslu)

- **NBI-Þjálfararéttindi** og eigið svæði í NBI-kerfinu að sýsla með og senda út NBI-greiningar. *(að verðmæti 235.000,- með 5 greiningum innif.)*
- **EQi-2.0 tilfinningagreindargreining** frá MHS sem greinir 15 undirþætti tilfinningagreindar. *(að verðmæti 39.900,-)*
- **12 mánaða aðgangur að Tankinum**, kennslukerfi Profectus þar sem nemendur hafa ótakmarkaðan aðgang að kennslumyndböndum, verkefnum og öðrum fódleik sem tekið er fyrir í framhaldsnáminu og einnig úr grunnnáminu þeim til upprifunar. *(að verðmæti 17.880,-)*
- **Tíu mentormarkþjálfunar tímar** - þar af þrír einkatímar) með PCC-vottuðum markþjálfra. *(að verðmæti 109.000,-)*
- **Fjórar persónulegar og skriflegar endurgjafir** á eigin framistöðu í markþjálfun. *(að verðmæti 70.000,-)*
- **Vönduð kennslumappa** með öllu ítarefni og verkefnum sem tekin eru fyrir í náminu.
- Bókin: **Hver ertu og hvað viltu?**
- Bókin: **Leiðtögin - Valdeflandi forysta!**
- **Gisting á Hótel Kríunesi** (1 nótt síðustu lotuna)
- **Ljúffengar veitingar** á meðan námskeiðinu stendur, ávaxtabakki fyrir hádegi, súpu og heitan mat í hádeginu og standandi kaffi, te og meðlæti og alla kennsludaga.

FRAMVINDA NÁMSINS:

Námið samanstendur af mörgum mismunandi þáttum, kennslu í lotum, persónulegum mentortímum, mentor-tímum í hóp, heimavinnu, æfingarmarkþjálfunum ásamt lokaverkefni sem unnið er í teymum.

Framvinda námsþátta í þeirri röð sem þeir eru kenndir

1. Undirbúningur fyrir námið	2 klst.
2. Fyrsta lota í staðarnámi (4 dagar)	28 klst.
3. Persónulegur mentortími nr. 1	1 klst.
4. Heimavinna milli lotna	10 klst.
5. Hóp-mentortímar (ZOOM)	3,5 klst.
6. Önnur lota í staðarnámi (3 dagar)	21 klst.
7. Persónulegur mentortími nr. 2	1 klst.
8. Hóp-mentortímar (ZOOM)	3,5 klst.
9. Heimavinna og lokaverkefni	14 klst.
10. Þriðja lota í staðarnámi (2 dagar)	14 klst.
11. Persónulegur mentortími nr. 3	1 klst.
12. Lokamat og persónuleg endurgjöf	1 klst.

LENGD NÁMSIN ER SAMTALS: 100 KLST.

INNÞÖKUSKILYRÐI

Það skiptir ekki máli hver þú tókst grunnnám í markþjálfun því við bjóðum alla velkomna í framhaldsnámið til okkar sem Hafa lokið ICF-vottuðu grunnnámi hjá viðurkenndum fræðsluaðila og hafa markþjálfað í a.m.k. 25 klst. við upphaf náms.

STYRKHÆFT NÁM

Allir nemendur geta nýtt sér uppsafnaða starfsmenntastyrki hjá starfsmenntasjóðum og verkalýðsfélögum upp í greiðslu fyrir námið.

SÉRSTAÐA NÁMSINS



STÖÐUGAR UMBÆTUR OG FRAMFARIR NEMENDA

Framhaldsnámið er umfram allt reynslumiðað nám þar sem nemendur eru hvattir til að innleiða lærdóm sinn jafnóðum á meðan náminu stendur.

Reynslumiðað nám er hugmyndafræði sem tekin er úr kennslufræðum og felur í sér reynslumiðaðan lærdóm, stöðugt endurmat og ígrundun.

Hún byggir alfarið á virkri þátttöku í raunverulegum aðstæðum, frekar en að framfylgja eingöngu leiðbeiningum kennara um hvað eigi að gera og hvernig eigi að gera það sem getur í sumum tilvikum verið í andstöðu við þá hugmyndafræði sem nemendur hafa tileinkað sér

áður. Þar læra nemendur að nýta

PAMF hringrásina.


PAMF-HRINGRÁSIN (GÆÐAHRINGURINN)

PAMF-hringrásin er mjög gagnlegt verkfæri til að stuðla að stöðugum og markvissum lærdómi í náminu, sérstaklega þegar verið er að fara inn á og um ótroðnar slóðir og prófa nýja þekkingu nýtt verklag eða nýja hugsun þar sem reynsla og þekking er mögulega ekki til staðar – ennþá.

MYNDRÆN FRAMSETNING NÁMSEFNIS

Kanadíski listamaðurinn Jim Ridge hefur teiknað tæplega 200 skýringamyndir sem við nýtum í náminu við að miðla fróðleik og dýpka skilning nemenda á efninu. Ríflega 60%

nemenda læra best sjónrænt og með þá staðreynd að leiðarljósí leitumst við að hámarka lærdóm og áhugahvöt þeirra.



UNDIRBÚNINGUR OG FYRSTA LOTA



EFTIR FYRSTU LOTU HAFNA NEMENDUR:

- Fengið heildaryfirsýn yfir námið og sett sér persónuleg markmið varðandi þá útkomu sem þeir vilja ná í námslok.
- Öðlast djúpan skilning á mikilvægi tilfinningagreindar og áhrifamætti hennar í hlutverki markþjálfara.
- Dýpri skilning á sjálfum sér og eigin tilfinningagreind.
- Fengið 20 bls. persónulega skýrslu sem inniheldur æfingar og aðferðir við að efla markvisst þá þætti tilfinningagreindar sem þarfnast mestrar athygli.
- Lært hvernig þeir geta nýtt styrkleika sína enn betur í hlutverki markþjálfara.
- Lært í hverju munurinn liggur á ACC og PCC hæfniskröfum.
- Fengið og gefið endurgjöf á samtal byggt á PCC-færniðmiðum.
- Lært að gefa áhrifaríkari endurgjafir til markþega.
- Öðlast betri skilning á áhrifamætti samtala innan ZOUD svæðisins (Zone Of Uncomfortable Debate).
- Lært PAMF-hringrásina (e. PCDA) til að stuðla að stöðugri endurskoðun, framförum og persónulegum vexti.
- Lært muninn á teymisþjálfun og hópmarkþjálfun
- Fengið æfingu í hópmarkþjálfun (þar sem markþjálfari markþjálfar fleiri en einn í einu)
- Lært um einkenni sterkra og skilvirkra teyma. (Patrick Lencioni)
- Lært hvernig teymi þróast og þroskast – allt frá formun að skilvirkni. (Tuckmans-líkanið)
- Kynnst sínu teymi og sett með þeim sameiginleg markmið og vinnureglur. (Code of Conduct)

UNDIRBÚNINGUR

Viku áður en námið hefst fá nemendur tölvupóst með upplýsingum um hvernig þeir eiga að undirbúa sig áður en námið hefst. Þeir skrá sig inn á „Tankinn“ – stafræna kennslukerfið okkar þar sem bíður þeirra bæði ítarefni til yfirferðar og fræðslumyndbönd til skoðunar og undirbúnings fyrir fyrstu lotuna. Einnig taka nemendur IQi-2.0 tilfinningargreindar greiningu áður en þeir mæta.

FYRSTA LOTA: 4 DAGAR FRÁ 8:30-16:30

Í fyrstu lotu námsins er megináhersla lögð á að dýpka sjálfsþekkingar- og tilfinningagreind nemenda. Í hlutverki

markþjálfara eiga orð gríska heimspekingsins Sókratesar einstaklega vel við: „Sjálfsþekking er grunnur allrar annarrar þekkingar“.

Það gerum við með því að bjóða öllum nemendum að taka IQi-2.0 tilfinningargreindar greiningu frá MHS sem greinir 5 lyklipætti og 15 undirþætti tilfinningagreindar.


Nemendur fá 20 bls. skýrslu með sínum niðurstöðum sem þeir nýta til að efla eigin tilfinningagreind - öflugasta verkfæri markþjálfans.

Í fyrstu lotunni byggjum við traustan grunn með því að dýpka enn frekar skilning nemenda á þeim 8 hæfnispáttum og 37 færniþáttum sem eru undirstaða PCC-vottunar. Mikið er um verklegar æfingar þar sem nemendum gefst tækifæri til að læra að innleiða nýja og áhrifaríkari nálgun í hlutverki þeirra sem markþjálfar. Nemendum einnig kennt hvernig þeir geta nýtt betur hið órjúfanlega jafnvægi á milli stuðnings og áskorunar markþjálfans til að stuðla að hámarksárangri sinna markþega.

HEIMAVINNA Á MILLI LOTU 1 OG 2

Á milli lotna vinna 3-4 nemendur saman í teyllum þar sem þeir nýta aðferða- og hugmyndafræði markþjálfunar til að styðja hver við annan og stuðla að auknum vexti og lærdóms innan teymisins. Nemendur eiga að reikna með um það bil 2-3 klukkustundum af heimavinnu á viku á milli staðarlotna sem samanstendur af markþjálfun, lestri og verkefnavinnu sem undirbýr þá fyrir komandi lotu.

HINAR ÁTTA VÍDDIR NBI-NÁLGUNAR VIÐ 360° ÞJÁLFUN:



ÖNNUR LOTA



EFTIR AÐRA LOTU HAFNA NEMENDUR:

- Lært dýpri og áhrifameiri speglun sem byggir á NBI-hugmyndafræðinni.
- Aukið færni sína til að aðlaga nálgun sína í markþjálfun betur að persónuleika markþegans.
- Lært að nýta 360° nálgun í markþjálfun sér og markþegum sínum til aukins vaxtar.
- Lært með enn dýpri og áhrifaríkari hætti að bera virðingu fyrir því að allir sjá heiminn með sínum hætti.
- Lært hvernig hægt er að finna og lesa í hinar hljóðu vísbendingar um hvernig fólk hugsar.
- Aukið fagmennsku og trúverðugleika í starfi sínu sem 360° markþjálfar.
- Öðlast möguleika á að auka tekjur og „vöruúrval“ sitt með NBI®-þjálfara réttindum.
- Fengið sína eigin NBI®-stjórnsíðu á netinu fyrir sína viðskiptavinum þar sem þeir geta sent út og unnið með greiningar.
- Fengið NBI®-þjálfara pakka sem inniheldur PowerPoint kynningar (á íslensku og ensku), myndbönd, rannsóknir, bæklinga og kynningar-efni til að auðvelda þeim markaðssetningu og innleiðingu á NBI®-greiningum í hlutverk sitt og þjónustu.
- Lært um þau lykilatriði sem eru einkennandi fyrir áhrifaríkar vinnustofur.
- Lært að búa til kynningar með „Storyboard“ aðferðafræðinni.
- Lært að nýta styrkleka hvers og eins í teyminu til að auka skilvirkni og árangur teymisins.

ÖNNUR LOTA: 3 DAGAR FRÁ 8:30-16:30

Í lotu tvö er farið ítarlega í 360°-markþjálfun. Profectus hefur um árabil verið í nánú samstarfi við Kobus Neethling – stofnanda og eiganda NBI-greiningartækisins – og þróað í samstarfi við hans teymi sérstakar NBI-markþjálfagreiningar.

Fyrstu tvo dagana er farið djúpt í NBI-fræðin og hvernig þau nýtast markþjálfunum í að dýpka skilning sinn á því að allir eru einstakir að eðlisfari.

Þannig læra nemendur hvernig þeir geta betur aðlagð nálgun sína í hlutverki markþjálfara að hverjum og einum.

Eftir að nemendur hafa skilað inn og staðist lokaverkefni til að fullgilda NBI-réttindi sín þessa lotu fá þeir NBI-

þjálfararéttindi og heimild til að selja, vinna með og túlka NBI-greiningar. Þeir fá persónulegan aðgang að NBI-kerfinu og sitt heimasvæði þar sem þeir geta úthlutað og haft umsjón með greiningum sinna markþega og annarra viðskiptavina.

Þriðji dagur lotunnar er helgaður því að undirbúa nemendur með fjölbreyttum hætti fyrir lokaverkefnið í náminu sem lýst er hér að aftan.

Allar nánari upplýsingar um NBI-greiningar má finna á vefsíðu okkar: <https://www.profectus.is/is/fyrirtaeki-thjalfun-og-fraedsla/greiningar/nbi-greiningar>

LOKAVERKEFNI Á MILLI LOTU 2 OG 3



Lokaverkefni er unnið í teyllum þar sem fléttað er saman þeim lykilþáttum sem búið er að fara yfir í náminu í þeim tilgangi að vera með vinnustofu fyrir lítið fyrirtæki, deild innan fyrirtækis eða félagasamtök. Um raunverkefni er að ræða þar sem hvert teymi greinir þarfir hópsins, leggur fram tillögu til samþykktar, skipuleggur, undirbýr og sér um framkvæmd á 4 klst. vinnustofu með 10-15 þátttakendum. Allt sem snýr að lokaverkefninu tengist hæfnisþáttum markþjálfunar með beinum hætti. Eins og Sir John Whitmore – einn af frumkvöðlum markþjálfunar sagði:

„Markþjálfun er að opna á möguleika mannsins til að hámarka eigin getu. Hún gengur út á að hjálpa fólki að læra í stað þess að kenna því“.

Þar liggur lykillinn að góðri vinnustofu – að nýta hugmyndafræði markþjálfunar og hópmarkþjálfun til að hjálpa þátttakendum að læra. Í verkefninu eiga nemendur að nýta efnistökin í náminu, NBI-fræðin og hugmyndafræði markþjálfunar til að efla þekkingu og færni þátttakenda vinnustofunnar í þeim tilgangi að til dæmis:

- o Efla samskipti
- o Styrkja teymisvitund
- o Auka starfgleði og helgun í starfi
- o Auka umburðarlyndi
- o Skýra framtíðarsýn o.s.frv.

Í upphafi funda nemendur með forsvarsmanni hópsins og framkvæma þarfagreiningu sem leiðir í ljós hvernig nemendur geta nýtt þekkingu sína og það efni sem þeir hafa fengið til að mæta þörfum hópsins – hver væri besta útkoma vinnustofunnar.

Eftir vinnustofuna fá nemendur endurgjöf frá hópnum sem hjálpar þeim að læra hvernig þeir geta notast við hugmyndafræði markþjálfunar til að stuðla að stöðugum endurbótum og gera gott en betra.

Í síðustu lotunni kynna teymin verkefni sín og niðurstöður fyrir samnemendum og kennurum ásamt því að skila inn skýrslu sem inniheldur m.a. framvindu, lykilniðurstöður ásamt tillögum til endurbóta.



ÞRIÐJA LOTA



EEFTIR ÞRIÐJU LOTU HAFNA NEMENDUR:

- Kynnt lokaverkefni sín fyrir öðrum nemendum.
- Fengið endurgjöf og umsögn á lokaverkefni sín.
- Tekið þátt í umbótafundi með sínu teymi undir leiðsögn kennara.
- Góðan skilning á mikilvægi umbótafunda og lært leiðir til að greina hvernig umbótafundur þjóni sem best þeim tilgangi sem aðstæður krefjast hverju sinni.
- Lært styrkleikamiðaða nálgun í persónulegri stefnumótun.
- Farið í gegnum persónulega stefnumótun og öðlast skýrari sýn á hvert þeir vilja stefna.
- Útskrifast sem 360° markþjálfar með NBI-þjálfara réttindi.
- Staðist PCC-færnimat frá viðurkenndum prófdómara frá ICF*.

** Í 86% tilvika standast nemendur PCC-færnimatið í fyrstu tilraun. Ef nemandi stenst ekki matið fær hann fjórar vikur til að undirbúa sig fyrir endurupptöku sem kostar 39.600,- þar sem greiða þarf prófdómara fyrir að fara yfir annað samtal og gefa því skriflega endurgjöf.*

ÞRIÐJA LOTA: 2 DAGAR FRÁ 8:30-16:30

Fyrri dagur þriðju lotu samanstendur af kynningum nemenda á lokaverkefnum sínum, umræðum um þann lærdóm sem nemendur sitja eftir með auk umbótafundar – þar sem teymin stýra umbótafundi með öðru teymi.


Allt sem snýr að lokaverkefninu tengist færniþáttum markþjálfunar með beinum hætti. Eins og Sir John Whitmore – einn af frumkvöðlum markþjálfunar sagði:

„Markþjálfun er að opna á möguleika mannsins til að hámarka eigin getu. Hún gengur út á að hjálpa fólki að læra í stað þess að kenna því“.

Þar liggur lykillinn að góðri vinnustofu – að nýta hugmyndafræði markþjálfunar og hópmarkþjálfun til að hjálpa þátttakendum að læra.

Á lokadegi námsins verður byrjað í allsherjar yfirferð og upprifjun. Að henni lokinni vinna nemendur verkefni undir leiðsögn þar sem þeir skerpa á framtíðarsýn sinni og skoða þá möguleika og tækifæri sem bíða þeirra að námi loknu – hvernig þeir geta nýtt það sem þeir hafa lært til að taka ábyrgð á því sem þeir vilja að framtíð þeirra beri í skauti sér.

Síðustu lotuna gista nemendur á Hótel Kríunesi yfir nótt þar sem nemendum gefst tækifæri á að fagna saman þeim árangri og vexti sem þeir hafa náð saman í náminu.



VOTTUNARSTIG ICF



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM VOTTUNARSTIG ICF


Námið undirbýr nemendur markvisst fyrir bæði fyrsta og annað stig ICF-vottunar.

Þeir fræðsluaðilar sem hafa uppfyllt ströng skilyrði ICF um nám sem er vottað á stigi 2 (Level 2), hafa þar með einnig staðist kröfur ICF til að meta og votta færni nemenda sinna við námslok. Þegar nemandi hefur staðist það færnimat hefur hann einnig uppfyllt allar kröfur ICF sem þarf til að sækja um bæði ACC- og PCC-vottun, allt eftir því hversu mikla reynslu nemandi hefur öðlast á þeim tímapunkti (fjöldi klst. sem hann hefur markþjálfað).

- Til að geta sótt um ACC-vottun verða nemendur að hafa 100 klst. reynslu í að markþjálfða. Þar af verða þeir að hafa fengið greitt fyrir 75% af þeim tímum.
- PCC-vottaun geta nemendur sótt um þegar þeir eru komnir með 500 klst. markþjálfareynslu.

Nemendur sem koma í námið eru flestir að undirbúa sig fyrir fyrsta vottunarstig (ACC-vottun). En þeir þurfa ekki að bæta við sig frekara námi eftir að hafa lokið framhaldsnáminu til að mega sækja um næsta vottunarstig (PCC- vottun) heldur eingöngu ljúka þeim 500 markþjálfatímum sem þarf til að mega sækja um það vottunarstig þegar þar að kemur.

AUKIN EFTIRSPURN EFTIR VOTTUÐUM MARKÞJÁLFUM




EFTIRSPURN EFTIR VOTTUÐUM MARKÞJÁLFUM ER STÖÐUGT AÐ AUKAST

Eftirspurn eftir ICF-vottuðum markþjálfum hefur verið að aukast bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Fyrirtæki eru að bjóða starfsfólki sínu upp á markþjálfun í mun meira mæli en áður og þar vegur ICF-vottun þyngst. ICF-vottun markþjálfða er í raun eina gæðavottunin sem hefur öðlast almenna viðurkenningu hér á landi og hana er eingöngu hægt að öðlast erfir að hafa lokið ICF-vottuðu námi.

Rannsóknir hafa einnig varpað ljósi á að þeir sem kaupa þjónustu markþjálfða vilja gjarna meiri áskoranir og festu sem endurspeglast í uppbyggingu námsins.

Því hafa markþjálfanámin okkar bæði staðist kröfur og væntingar markaðarins og fyrrverandi nemenda síðustu 10 ár. 98% nemenda hafa sagt að þeir myndu mæla með markþjálfanámi okkar við aðra.



KENARATEYMI PROPECTUS

Þeir sem koma að kennslu í markþjálfanáminu eru allir í hópi reyndustu markþjálfara landsins og eru allir virka ICF-vottun. Við leggjum ríka áherslu á nokkrir kennarar kenni hverjum hóp til að nemendur kynnist sem fjölbreyttasri nálgun í markþjálfun.

Samanlagt hafa þeir meira en 10.000 klst. reynslu í markþjálfun og hafa markþjálfað fólk úr öllum lögum samfélagsins og einnig inni í fyrirtækjum bæði hérlandir og víða erlendis. Allt námsefni okkar hefur verið þróað og skrifað af kennurum okkar síðustu 10 ár.




KENNT ER Á HÓTEL KRÍUNESI VIÐ ELLIÐAVATN

Við höfum síðastliðin sjö ár verið í samstarfi við Hótel Kríunes. Umhverfið, aðstaðan og maturinn þar er algerlega í sérflokk og styður einstaklega vel við þá miklu persónulegu vinnu sem á sér stað í náminu.

- Kennt er alla daga frá 8:30-16:30 og mælumst við til að nemendur mæti tímanlega og séu tilbúnir að hefjast handa stundvíslega kl. 8:30.
- Nemendur fá öll námsgögn, þ.m.t. glósublöð og skrifffæri og þurfa því ekkert að taka með sér nema góða skapið, hugrekki til að horfast í augu við sjálfan sig og viljann til að vaxa.
- Við biðjum nemendur vinsamlegast að hafa EKKI með sér fartölvu þar sem það hefur truflandi áhrif á kennsluna og umræður í náminu.
- Það eina sem við biðjum nemendur að taka með sér er góða skapið, umburðarlyndi og vilji til góðra verka.





Listin að læra af fortíðinni felst í því að dvelja ekki við það sem fór úrskeiðis eða mistókst – heldur í að skoða af forvitni og af hugrekki allt það sem hefur mótað okkur.

Í framhaldsnáminu ferð þú tækifæri til að dýpka skilning þinn á þér sjálfum og þjálfka hæfileikann til að umbreyta lífsreynslu þinni og styrkleikum í færni og fagmennsku.

Góður markþjálfari veit að markþjálfarar að líta aldrei til fortíðar til að dæma – heldur til að vaxa.

